

Efni fundar: Sjá dagskrá fyrir neðan

Kópavogi, 24. nóvember 2022

24. fundur kennararáðs

Tilvísun: M22110097

Fundarmenn: Birgir Urbanic Ásgeirsson, Guðmundur Engilbertsson, Ingimar Ólafsson Waage, Svandís Ingimundardóttir, Mjöll Matthíasdóttir, Sigrún Grendal, Helga Kristín Kolbeins, Kristín Jónsdóttir, Sonja Dögg Pálsdóttir

Fjarverandi: Jónína Hauksdóttir og Guðjón H. Hauksson

Fundarritari: Ingileif Ástvaldsdóttir

Dagskrá fundar:

1. Heimsókn Ásmundar Einars Daðasonar, mennta- og barnamálaráðherra
2. Upphaf, dagskrá fundar og fundargerð 23. fundar ráðsins
3. Heimsókn Þórdísar Jónu Sigurðardóttur, forstjóra Menntamálastofnunar
4. Önnur mál
 - a. Næsti fundur ráðsins 15. desember kl. 13:00-15:00

Umræður og ákvarðanir:

1. Formaður bauð Ásmund Einar velkominn á fundinn og kynnti fundarmenn fyrir honum. Ásmundur Einar hóp mál sitt á því að þakka ráðinu fyrir vinnuna að reglugerð um hæfniramma með viðmiðum fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla. Í máli ráðherra kom fram að búið væri að prófarakalesa hana og að nú væri í birtingarferli og þess væri ekki lengi að bíða að hún yrði birt á vef stjórnarráðsins. Í framhaldi af því veltir hann fyrir sér hvernig staðið yrði að kynningum á reglugerðinni. Ráðherra nefnir að hann hafi væntingar til þess að kennararáð sé virkur vettvangur sem hann hafi hug á að hitta reglulega og nefnir sérstaklega þær breytingar sem fram undan eru varðandi skólaþjónustu og verkefni nýrrar Menntamálastofnunar. Hann hvetur til opinnar umræðu um þær breytingar.

Fundarmenn tóku undir orð ráðherra varðandi kynningar á reglugerðinni. Þar komu fram hugmyndir um að kanna möguleikana á því að sameina hana kynningum sem venjulega eru vegna átaks um eflingu kennaramenntunar. Enn fremur rætt að búinn verði til ein miðlæg kynning sem meðlimir kennararáðs nýta til að kynna reglugerðina hver í sínu baklandi. Einnig nefnt að búa til sérstaka kynningu fyrir stjórnendur ásamt kynningu á því hvernig reglugerðin myndi nýtast í starfsþróun kennara og stjórnenda.

Birgir, Sonju og Ingileif var falið að búa til áætlun að kynningum og að leggja hann fyrir kennararáð á fyrsta fundi næsta árs.

2. Athugasemdir voru gerðar við lið 3 og 5 í fundargerðinni og Ingileif falið að leiðrétta í samræmi við ábendingar fundarmanna.
3. Formaður bauð Þórdísi velkomna og kynnti fundarmenn fyrir henni. Hann spurði hana um væntingar hennar til samstarfs Kennararáðs og Menntamálastofnunar. Þórdís hóf mál sitt á því að segja frá breytingunum sem fram undan eru hjá Menntamálastofnun. Hún greindi frá því að stefnt væri að því að lög um nýja stofnun fari í samráðsgátt í desember og að þau yrðu þá væntanlega til umfjöllunar á vorþingi Alþingis. Einnig er stefnt að því að gera lög um skólaþjónustu en ljóst er að þau muni ekki geta verið komin til framkvæmdar fyrr en eftir um það bil eitt ár. Hún sagði samráðsferlið um þau lög vera hafið og muni að öllum líkindum vera lokið í mars. Stefnt er að því að kynna lögin breytingarnar sem þau hafa í för með sér með því að halda ráðstefnu í Hörpu. Þórdís ræddi síðan ástæðu þess að lagt var til að Menntamálastofnun yrði lögð niður. Hún segir það sé m.a. vegna þess að með nýjum verkefnum og áherslum nýrrar stofnunar sé ljóst að fleiri muni koma að störfum þar og því þótti ákjósanlegt að leggja núverandi stofnun niður svo hægt væri að byggja nýja stofnun á nýjum grunni.

Í umræðum var minnt á að ábyrgðin á skólaþjónustunni er hjá sveitarfélögunum og að vissulega sé þörf fyrir miðlægan stuðning við vettvang. Einnig var minnt á stöðu framhaldsskólanna varðandi skólaþjónustu. Eins og staðan er nú sé ekki til sams konar rammi um hana eins og hann er t.d. í grunnskólunum. Fundarmenn ræddu og lögðu áherslu á mikilvægi þess að lög um skólaþjónustu fjalli um það hvernig skólaþjónusta styður við menntun á öllum skólastigum. Fundarmenn voru sammála um að sjálfsagt væri að kennararáð komi að smíði nýrra laga og myndi forgangsraði tíma sínum í það verkefni.

4.
 - a. Formaður minnti á næsta fund þann 15. desember kl. 13:00-15:00.
 - b. Sonja Dögg renndi á skjá yfir lokaútgáfu reglugerðar um hæfniramma með viðmiðum fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla. Umræður urðu um 9. grein reglugerðarinnar sem fjallar um hæfni kennara í íslensku.

Næsti fundur:

12. desember 2022

Undirskrift/ upphafsstafir fundarritara:

ÍÁ